

Föstudaginn 11. október 1974.

Nr. 8/1973: **Hekla h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Hekluvikri h/f
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Firma. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1973. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt „að láta afmá firmanafnið „Hekluvikur h.f.“ úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur“ að viðlögðum dagsektum til áfrýjanda, og að stefnda „verði talið óheimilt að nota í atvinnuskyni firmanafnið „Hekla Pumex Ltd.““ Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Dómkröfur áfrýjanda fyrir héraðsdómi voru í upphafi aðeins um, að stefnda yrði dæmt skylt að láta afmá skráð firma sitt, „Hekluvikur h.f.“, úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Með bréfi 28. nóvember 1972 tilkynnti áfrýjandi lögmanni stefnda, að af hans hendi yrði höfð uppi í málinu sú „viðbótarkrafa“, að dæmt yrði, að stefnda væri óheimilt „að nota í atvinnuskyni firmanafnið „Hekla Pumex Ltd.““ Skírskotaði áfrýjandi í bréfinu til þess, að samkvæmt gögnum, er stefndi hefði lagt fram, væri framangreint heiti meðal þeirra áletrana, sem prentaðar væru á bréfsefni stefnda, en stefndi ætti hins vegar ekki rétt á að nota heiti þetta. Færði áfrýjandi að svo búnu dómkröfur sínar til samræmis við framanritað á dóm-

þingi 30. nóvember 1972. Var málið síðan flutt munnlega á dómþinginu.

Gögn máls um notkun stefnda á nafninu „Hekla Pumex Ltd.“ eru eigi rækileg, og glöggar skýrslur um það atriði hafa ekki komið fram. Sérstök málsreifun um kröfu áfrýjanda í framhaldssök í héraði hefur eigi verið svo ítarleg sem skylt var. Þykir af þessum ástæðum rétt að vísa þessum þætti máls frá héraðsdómi.

Firma stefnda, Hekluvíkur h/f, vekur eindregið þá hugmynd, að stefndi kenni sig við vikur úr fjallinu Heklu. Bendir firmað því eigi sérstaklega til áfrýjanda eða vöru, sem hann selur, svo sem áfrýjandi heldur fram. Firma og vörumerki áfrýjanda og firma stefnda eru ekki svo lík, að ástæða sé til að ætla, að hætta sé á, að af þeim sökum verði villst á fyrirtækjunum í viðskiptum. Verður ekki á það fallist, að réttur áfrýjanda hafi samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 eða fyrir lögjöfnun frá 4. tl. 14. gr. laga nr. 47/1968 staðið í vegi fyrir því, að stefndi fengi firma sitt skrásett og notaði það. Verður krafa áfrýjanda um, að stefnda verði dæmt skylt að láta afmá firma sitt úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur af þessum ástæðum ekki tekin til greina.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefnda kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Framangreindri kröfu áfrýjanda, Heklu h/f, er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Hekluvíkur h/f, á að vera sýkn af kröfu áfrýjanda um, að hann skuli láta afmá firma sitt úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjö og verslunardóms Reykjavíkur 19. desember 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. nóvember s.l., hefur Sigurgeir Sigurjónsson, hæstaréttar-

lögmaður í Reykjavík, höfðað fyrir hönd Heklu h/f, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, áritaðri um birtingu 27. apríl s.l., gegn Hekluvíkri h/f, Reykjavík.

Málavextir virðast vera þessir:

Hinn 12. ágúst 1942 var skráð hér í hlutafélagaskrá Heildverslunin Hekla h/f, og var tilgangur félagsins þ. á m. inn- og útflutningur og skyld atvinna. Þann 20. desember 1968 var skráð nafnbreyting félagsins í Hekla h/f og jafnframt breytt tilgangi til viðbótar: rekstur verkstæða, hvers konar iðnaður, svo og smásöluverslun og lánastarfsemi. Þann 29. desember 1965 fékk félagið skráð hér á landi vörumerkið „HEKLA“ sem nr. 300/1965, og var merkið skráð fyrir eftirtaldar vörutegundir: Alla hluti, sem smíðaðir eru úr jární, stáli, alumínium og öðrum málmlöndum, vörur framleiddar úr ull, bómull, nylon, rayon og öðrum efnum, sem að einhverju leyti innihalda ofangreind efni, blönduð eða óblönduð, svo og önnur gerviefni, þar með talinn tilbúinn fatnaður, svo og tilsniðna hluti úr þessum efnum, svo og vörur framleiddar úr plasti eða skyldum gerviefnum, vörur framleiddar úr leðri eða leðurlíki, veiðarfæri, úr hvers konar efnum, þar með talið allar gerðir af veiðitækjum, húsgögn úr hvers konar efni, fiskafurðir, hverju nafni sem nefnast, svo og aðrar niðursuðuvörur, öl og gosdrykki, súkkulaði, brjóstsykur og annað sælgæti.

Þann 21. nóvember 1969 var skráð hér hlutafélagið „Hekluvíkur h.f.“, og var tilgangur þess að vinna vikur og önnur jarðefni á Íslandi, iðnaður úr þeim efnum, útflutningur á efnunum og framleiðsla úr þeim og annar skyldur atvinnurekstur svo og lánastarfsemi.

Við munnlegan flutning málsins hinn 30. nóvember s.l. gerði lögmaður stefnanda breytingar á kröfum sínum í stefnu, og eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi, Hekluvíkur h/f, verði dæmdur til þess að viðlögðum dagsektum að mati dómsins, er renni til stefnanda, að láta afmá firmanafnið „Hekluvíkur h.f.“ úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur og að stefnda verði talið óheimilt að viðlögðum dagsektum að mati dómsins, er renni til stefnanda, að nota í atvinnuskyni firmanefnið „Hekla Pumex Ltd.“ Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins. Lögmaður stefnda samþykkti, að lögmaður stefnanda fengi komið að breytingum á kröfum sínum án framhaldsstefnu.

Kröfur varnaraðilja í máli þessu eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnandi verði

dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að firmanafnið Hekluvikur h/f brjóti í bág við rétt stefnanda til firmanafnsins „Hekla h.f.“ og vörumerkisins „HEKLA“, sbr. lög nr. 42/1903, 10. gr., og lög nr. 84/1933, 9. gr., enda hafi stefnandi orðið þess var, að menn hafi ruglað þessum tveim fyrirtækjum saman í viðskiptum.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að með skráningu firmanafnsins „Hekla h.f.“ hafi stefnandi öðlast einkarétt á því nafni sem firma og sé því öðrum óheimilt að taka þetta nafn eitt sér eða ásamt með öðrum upp í firmanöfn sín. Þýðingarmikið sé í öllum viðskiptum, að firmanöfnum verði ekki ruglað saman, en stefnandi hafi einmitt orðið þess var, að menn hafi ruglað saman þessum tveim firmum „Heklu h.f.“ og „Hekluvikri h.f.“. Það að bæta orðinu vikur aftan við Hekla gefi tilefni til þess að ætla, að þessi vikur sé einmitt vara, sem seld sé af firma stefnanda, enda sé alls ekki útilokað, að stefnandi kunni síðar að versla með þessa vörutegund á sama hátt og stefndi. Jafnframt telur stefnandi, að með því að taka upp nafnið „Hekluvikur h.f.“ hafi stefndi brotið gegn 14. gr. laga um vörumerki nr. 47/1968, 4. mgr. per analogiam, en þar sé bannað að skrá vörumerki, ef í merkinu felist eitthvað, sem gefi tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns. Af þessu ákvæði leiði samkvæmt eðli málsins, að ekki ætti heldur að vera heimilt að taka vörumerki annars manns upp í firmanafn, en eins og upplýst sé í málinu, sbr. dskj. nr. 5, þá sé stefnandi eigandi vörumerkisins „HEKLA“ nr. 300/1965, dags. 29. desember 1965. Um þetta atriði taki þá 10. gr. firmalaganna nr. 42/1903 af allan vafa. Í þessari lagagrein sé þó ekki tekið fram berum orðum, að óheimilt sé að taka vörumerki upp í firmanöfn, en danskir dómstólar, þ. á m. Hæstiréttur Dana, hafi skýrt 10. gr. dönsku firmalaganna pr. analogiam á þann hátt, að skilja verði þessa 10. gr. eins og þar væri bannað að taka vörumerki annars manns upp í firmanafn. Þessi danska lagagrein sé nákvæmlega eins og samsvarandi lagagrein í íslensku firmalögunum, enda séu íslensku firmalögin þýðing á hinum dönsku. Á þessa lagaskýringu hinna dönsku dómstóla varðandi 10. gr. firmalaganna hafi og íslenskir dómstólar fallist. Einnig sé málssóknin á því byggð, að firmanafnið „Hekluvikur h.f.“ brjóti og í bág við rétt stefnanda samkvæmt 9. gr. laga nr. 84/1933, 2. mgr., en þar segi, að sérhverjum sé bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villst verði á því og öðru einkenni, sem annað at-

vinnufyrirtæki notar með fullum rétti. Að áliti stefnanda sé ekki á því nokkur vafi, að notkun firmanafnsins „Hekluvikur“ leiði til þess, að villst verði á því og firmanafni stefnanda „Hekla h.f.“, með öðrum orðum gefi þessi notkun mönnum tilefni til að ætla, að vörutegundin „vikur“ sé vara, sem uppruna sinn eigi frá firma stefnanda eða seld af því firma.

Af hálfu stefnda eru kröfur rökstuddar með því, að hlutafélagið „Hekluvikur“ hafi verið skráð í Reykjavík 21. nóvember 1969, en tilgangurinn sé, eins og segir í vottorði skráningarstjóra, að vinna vikur og önnur jarðefni á Íslandi, iðnaður úr þeim og annar skyldur atvinnurekstur svo og lánastarfsemi. Skráningin hafi farið fram án athugasemda af hendi skráningarstjóra og hafi stefndi þar með öðlast ótvíræðan og óskoraðan rétt að nota framvegis það firmanafn.

Hinn 12. ágúst 1942 hafi Heildverslunin Hekla verið skráð í Reykjavík. Hinn 20. desember 1968 sé skráð breyting á nafni og tilgangi félagsins, hinn 29. desember 1965 hafi verið skrásett vörumerki nr. 300/1965 af Heildversluninni Heklu h/f, orðið HEKLA sem vörumerki fyrir ýmsa hluti, sem upp séu taldir á dskj. nr. 5 í málinu.

Fataverksmiðjan Hekla sé eign Sambands ísl. samvinnufélaga og hafi starfað á Akureyri frá því í lok síðari heimsstyrjaldar. Hinn 6. ágúst 1947 hafi fyrirtækið fengið skráð vörumerkið „Hekla“, sem muni vera myndmerki með orðinu Hekla, og notað það frá þeim tíma á framleiðsluvörum sínum, sem einkum séu þrjónavörur eða ullarfatnaður. Í þessu sambandi bendir lögmaður stefnda á dóm sjó- og verslunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 170/1966: Heildverslunin Hekla h/f gegn Sambandi ísl. samvinnufélaga vegna Fataverksmiðjunnar Heklu á Akureyri, en dómur hafi verið kveðinn upp 9. október 1967. Firmað Haraldur Böðvars-son & Co. á Akranesi reki þar umfangsmikla útgerðarstarfsemi og verslun. Firmað reki síldarsöltun, fiskverkunarstöð, hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðju, en framleiðsluvörur niðursuðuverksmiðjunnar séu fyrst og fremst hvers konar fiskmeti. Vörumerki niðursuðuverksmiðjunnar sé myndmerki með orðinu „Hekla“ á ensku „Hekla Brand“.

Auk nefndra firma, sem öll eigi það sameiginlegt að hafa fjallsheitið „Hekla“ sem hluta af firmanafni sínu ellegar á vörumerki sínu, megi einnig geta þess, að um áratugaskeið hafi verið hér starfandi hótél í Reykjavík, sem hafi borið nafnið Hótél Hekla. Um áratugaskeið hafi einnig verið framleiddur hér gosdrykkur-

inn Póló, en á „etikettu“ hans segi, að framleiðandi sé Gosdrykkjaverksmiðjan Hekla, Reykjavík, og á flöskumiðanum sé einnig vörumerki það, sem einkennt hafi drykkinn frá upphafi, en það sé myndmerki af spúandi eldfjalli, Heklu. Vörumerki Gosdrykkjaverksmiðjunnar Heklu muni hafa verið skrásett í júlí 1925, en tekið í notkun nokkuð áður og hafi verið í óslitinni notkun síðan. Þá hafi eitt af skipum Skipaútgerðar ríkisins, sem heimili eigi í Reykjavík, að jafnaði borið heitið Hekla, en áður hafi sama heitið borið eitt af skipum Eimskipafélags Reykjavíkur og um tíma hafi ein af farþegaflugvélum Loftleiða h/f einnig borið heitið Hekla.

Þau firmu, sem að framan séu talin, þ. e. Fataverksmiðjan Heka, Heildverslunin Hekla, Hekluvíkur h/f, Gosdrykkjaverksmiðjan Hekla og Hótel Hekla, hafi öll haft á hendi óskyldan atvinnurekstur og firmaheitin sjálf gefi eða hafi gefið ótvírætt til kynna, hvers konar atvinnurekstur hvert um sig hafi haft á hendi. Einmitt vegna hins ólíka atvinnurekstrar, sem þessi firmu hafi haft á hendi og nafngift þeirra hafi í rauninni gefið til kynna, megi telja næsta ólíklegt, að nokkur ruglingur eða óþægindi geti af því orðið fyrir nokkurt þeirra, þótt þau hafi öll tekið upp í heiti sitt nafn þess fræga eldfjalls, sem þekkt sé um víða veröld.

Þeirri málsástæðu í greinargerð stefnanda, að hann hafi með skráningu firmanafnsins Hekla h/f öðlast einkarétt á því nafni sem firma og sé því öðrum óheimilt að taka það nafn eitt sér eða ásamt með öðrum orðum upp í firmanöfn sín, sé alfarið mótmælt. Upptalning sú, er að framan hafi verið greint frá um firmu, vörumerki og farkostaheiti, bendi ótvírætt til þess, að ýmsir aðiljar hafi tekið Heklunafnið upp í firmu sín eða vörumerki, og því fari víðs fjarri, að stefnandi hafi nokkurn einkarétt á nafninu. Það megi að vísu telja á því allar líkur, að upphaflega heiti firma stefnanda eins og það hafi í upphafi verið skrásett 1942, þ. e. Heildverslunin Hekla h/f, hafi notið verndar gagnvart öðrum heildsölufyrirtækjum, sem hygðust taka upp Heklunafnið í heiti sín. Úrlausnir dómstóla, þ. á m. íslenskra dómstóla, sýni ótvírætt, að lögvernd firmanafnsins verði því meiri sem upplýsingarnar um firmað og starfsemi þess séu ítarlegri og til þess fallnar að greina fyrirtækið frá öðrum. Nægi í þessu sambandi að vekja athygli á því orðalagi, sem upp hafi verið tekið í forsendu allmargra íslenskra dóma þannig: „Orðið (firmanafnið) vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur“.

Af hálfu stefnda er vakin athygli á því, að íslensk löggjöf seti

að vísu nokkur takmörk fyrir því, að staðarheiti eða kenniheiti séu notuð í heiti firma. Sé hér annars vegar til að taka ákvæði 10. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, þar sem lagt sé bann við því að kenna verslanir, iðnaðar- eða atvinnu-fyrirtæki svo og vörutegundir við nafn landsins, sýslu, bæjar- eða sveitarfélag, nema leyfi viðkomandi stjórnvalda komi til. Þá er og bent á ákvæði í 10. gr. firmalaganna, þar sem hliðstæð takmörkun sé sett við því, að nafn annars manns eða fasteignar annars manns sé tekið í firmanöfn. Þar sé á sama hátt gert ráð fyrir því, að leita þurfi samþykkis til slíks. Hins vegar séu engar takmarkanir settar fyrir því, að ákveðin kenniheiti, fossanöfn og fjallsheiti, sem mjög títt sé, séu tekin sem hluti af firmanöfnum, en hinn hluti firmanafnsins gefi þá að jafnaði til kynna starfsemi viðkomandi firma. Sýnist þetta vera mjög eðlileg regla og í einna bestu samræmi við þarfir okkar. Megi segja í sambandi við vörumerki hafi svipuð regla verið tekin upp í ákvæði í 6. gr. laga nr. 47 frá 2. maí 1968 um vörumerki. Á það er bent, að meðal annarra þjóða gildi svipaðar reglur að þessu leyti. Í norskum firmarétti sé þannig aðeins settar hömlur við notkun sama heitis á firma, að það sé starfandi á sama eða svipuðu atvinnusviði. Í frumvarpi að nýjum firmalögum sé þar áfram haldið þeirri reglu, að firmað njóti aðeins verndar gegn samkeppni frá fyrirtæki sömu eða svipaðrar tegundar. Þegar skoðaðar séu úrlausnir íslenskra dómstóla um þetta efni, þá virðist allt benda til þess, að íslenskir dómstólar viðurkenni þá reglu, að heimilt sé að nota sama orð eða heiti sem hluta af firmanafni, ef í nafninu í heild felist annars upplýsingar um atvinnurekstur eða starfsemi eða heitið vekji a. m. k. hugmynd um atvinnureksturinn. Heitið „Hekluvíkur h.f.“ vekji ótvírætt hugmynd um ákveðinn atvinnurekstur og þessi atvinnurekstur eigi ekkert skylt við þann atvinnurekstur, sem Heildverslunin Hekla h/f telji tilgang sinn samkvæmt skráningu firmans með síðari breytingu. Atvinnurekstur fyrirtækja aðilja máls þessa sé svo óskyldur, að ekki sé minnsta hætt á, að almenningur eða viðskiptaaðiljar ruglist á fyrirtækjunum, og fráleitt sé að ætla, að stefnandi hafi með því að fella niður starfsheitið „Heildverslunin“ úr firmanafni sínu öðlast svo víðtækan einkarétt til nafnsins Hekla, sem í raun og veru sé þjóðareign, að hann nyti einkaréttar og lögverndar á Heklunafninu, er spannaði yfir öll hugsanleg svið atvinnulífs á Íslandi.

Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að stefnandi eigi ekki lögvarinn einkarétt til notkunar Heklunafnsins sem slíks, öðru-

vísi en í hinu upphaflega skrásetta firmaheiti „Heildverslunin Hekla h.f.“ ellegar til þeirrar starfsemi, sem skráð er sem tilgangur firmans og fyrirtækið raunverulega starfi á.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefndi hafi með því að taka upp nafnið „Hekluvikur“ í firmaheiti sitt gerst brotlegur við 4. lið 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki með lögjöfnun. 4. tl. 14. gr. vörumerkjaganna hljóði þannig, að ekki megi skrá vörumerki, „ef í merkinu felist eitthvað það, sem gefur tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns, nafn annars manns eða mynd, enda sé þá ekki átt við löngu látna menn, eða í merkingu felst sérkennilegt nafn á fasteign annars manns eða mynd af henni“. Ákvæði þessu sé fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir skráningu vörumerkis, þegar svo sendur á, sem í greininni segir, og hugleiðingar um lögjöfnun hér á milli fái naumast staðist. Auk þess er vakin athygli á því, að greinin taki fyrst og fremst til persónulegra nafna eða mynda eða tákna, tengda þeim nöfnum, eða sérkennilegra nafna á fasteign annars manns eða mynd af henni. Nú sé því væntanlega ekki haldið fram, að stefnandi sé eigandi fjallsins Heklu og að öðrum sé þess vegna óheimilt að nota Heklu-nafnið í firmaheiti sínu af þeim sökum. Það sé jafnaugljóst, að Heklunafnið sé ekki „konstruerað“ af stefnanda, heldur sé hér um að ræða nafn á hinu frægasta fjalli í heimi, sem ýmis firmu hafi á undan stefnanda tekið upp í firmaheiti sín með fullum rétti, og hafi stefnandi ekki getað vænst þess að fá vernd fyrir firmaheiti sitt utan þess starfsviðs, sem ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins um tilgang þess, og enn fremur ekki út fyrir það landfræðilega svæði, sem starfsemi fyrirtækisins nær. Einnig er vakin athygli á því, að í Grimsby í Englandi sé starfandi umsýslufyrirtæki á sviði út- og innflutnings og heildverslunar undir nafninu Hekla og muni Íslendingur vera aðili að því fyrirtæki, sem starf að hafi um áratuga skeið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framleiðsluvörum Hekluvikurs sé fyrst og fremst ætlaður markaður erlendis, hið erlenda heiti fyrirtækisins sé Hekla Pumex Ltd., eins og dskj. nr. 8 beri með sér, en vikur sá, sem fyrirtækið vinni vöru sína úr og sem á ensku heitir pumice, sé runninn frá eldfjallinu Heklu, enda muni viðskiptamenn fyrirtækisins, innlendir og erlendir, fyrst og fremst setja heiti firmans og varning þess í samband við eldfjallið Heklu og virðist það vera nokkuð ofmat á hróðri fyrirtækis stefnanda, enda þótt það fyrirtæki sé ágætt og velþekkt hér á sínu starfssviði, að ætla, að Hekluvikur gefi mönnum tilefni til þess

að ætla, að vörutegundin vikur sé vara, sem uppruna sinn eigi frá firma stefnanda eða seld af því firma.

Í 10. gr. firmalaganna sé bannað að taka upp í firmanöfn heiti annars manns eða heiti á fasteign annars manns, annað sé ekki bannað, að því er viðkomi sérheitum, og að færa ákvæðin yfir á annars konar sérheiti analogice verði tvímælalaust að álitast óheimilt. Síðari hluti greinarinnar sýni þetta einkar glögg, því þar sé höfuðáherslan lögð á, að atvinnuheiti firma séu rétt, og á það lögð svo rík áhersla, að þess sé krafist, að atvinnuheiti firma sé breytt, ef breyting verður á starfsemi þess, þannig að aðgreining atvinnuheitis í firmanafni sé mun ríkari en aðgreining sérheitis. Sé það fyrst og fremst krafan um réttar upplýsingar í nafngiftinni og að það sé með þeim hætti, að ekki sé hætt á, að á því verði villst eða því ruglað saman við annað fyrirtæki. Hér sé ekki um neina slíka hættu að ræða, fyrirtæki málsaðilja starfi sitt á hvoru starfsviði. Starfsemi fyrirtækis stefnda sé auðkennd í firmanafninu og sé engin hætt á, að um ruglingshættu milli þessara tveggja firma geti verið að ræða.

Upphaflega hafi stefnandi látið skrásetja firmaheiti sitt og síðar vörumerki og hafi þá Hekluheitið þegar verið í notkun á fjölda fyrirtækja víðs vegar um landið og erlendis. Það hafi því bersýnilega verið skoðun stefnanda þá og sú skoðun hafi verið rétt, að honum hafi einnig verið heimilt að nota Heklunafnið í firmaheiti sínu svo framarlega sem það væri ekki til þess fallið að villa heimildir eða að hætt væri á því, að því væri ruglað saman við önnur starfandi fyrirtæki.

Eftir því, sem fram kemur í skjölum málsins, þá hafa mörg fyrirtæki á Íslandi á undanförunum áratugum framleitt vörur undir nafninu Hekla eða haft orðið Hekla sem hluta af nafni sínu.

Vörumerki niðursuðuverksmiðju Haralds Böðvarssonar & Co., Akranesi, mun vera myndmerki með orðinu „Hekla“, á ensku „Hekla Brand“. Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að Haraldur Böðvarsson & Co. notaði vörumerki þetta með leyfi stefnanda.

Því er ómótmælt haldið fram að hálfu lögmanns stefnda, að um áratuga skeið hafi verið starfandi í Reykjavík hótél undir nafninu Hótél Hekla. Einnig hafi að jafnaði eitt af skipum Skipaútgerðar ríkisins borið nafnið Hekla og enn fremur hafi um tíma ein af flugvélum Loftleiða borið nafnið Hekla. Jafnframt hafi starfað um áratuga skeið og starfi enn í Grimsby á Englandi umsýslu-

fyrirtæki á sviði út- og innflutnings- og heildverslunar undir nafninu Hekla.

Í júlí 1925 hafi vörumerki Gosdrykkjaverksmiðjunnar Heklu í Reykjavík verið skrásett, en það sé myndmerki af spúandi eldfjalli, Heklu.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þykir fullvíst, að þegar stefnandi fékk skrásett firmanafn sitt „Heildverslunin Hekla h.f.“ hinn 12. ágúst 1942, hafi ýmsir aðiljar notað orðið Hekla í sambandi við ýmiss konar rekstur.

Hinn 6. ágúst 1947 fékk Fataverksmiðjan Hekla á Akureyri skrásett vörumerki, sem mun vera myndmerki með orðinu Hekla og notað á framleiðsluvörur fataverksmiðjunnar.

Þá er Heildverslunin Hekla h/f fékk orðið HEKLA skráð sem vörumerki 29. desember 1965, hafa því að minnsta kosti verið skrásett hér á landi tvö vörumerki með mynd af eldfjalli og orðinu Hekla. Samkvæmt dskj. nr. 5 er vörumerki stefnanda orðið HEKLA, en ekki er í merkinu önnur mynd.

Hin tvö vörumerkin með orðinu Hekla, sem skrásett höfðu verið löngu á undan vörumerki stefnanda, hafa bæði mynd af eldfjalli. Þegar litið er til orsðins Hekla, þá er það fyrst og fremst þekkt sem nafn á frægasta fjalli Íslands. Í íslenskri orðabók handa skólum og almenningi, útgefinni af Bókaútgáfu Menningarsjóðs, Reykjavík, 1963, stendur svo um orðið hekla, kápa (ermalaus) með áfastri hettu. Í Íslandsk-Dansk ordbog Sigfúsar Blöndals stendur svo hekla, Kappe (með Hætte), sérnafn Vulkanen Hekla, Hekla, Hekkenfjæld, saaledes kaldt paa Grund af Snekappen paa dens Top. Það að nota orðið hekla yfir kápu mun fátítt, og mun óhætt að fullyrða, að þá er fólk heyrir orðið hekla, þá komi því fyrst og fremst í hug nafn frægasta fjalls landsins.

En öruggt er, að orðið HEKLA, er ekki búið til af stefnanda.

Samkvæmt dskj. nr. 4 er tilgangur stefnda: „að vinna vikur og önnur jarðefni á Íslandi, iðnaður úr þeim efnum, útflutningur á efnum og framleiðslu úr þeim og annar skyldur atvinnurekstur svo og lánastarfsemi“. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framleiðsluvörum stefnda sé fyrst og fremst ætlaður markaður erlendis. En vikur sá, sem stefndi vinni vörur sínar úr, sé runnin frá eldfjallinu Heklu. Hið erlenda heiti stefnda sé Hekla Pumex Ltd., en enska orðið yfir vikur er pumice. Starfsemi stefnda er þannig gefin til kynna í firmanafninu Hekluvikur.

Við niðurstöðu máls þessa verður lagt til grundvallar, að orðið

Hekla er hvorki búið til af stefnanda né nafn á fasteign stefnanda, heldur eitt þekktasta staðarheiti landsins. Þá er stefnandi fékk firma sitt Hekla h/f skrásett, höfðu margir notað Heklunafnið lengi í sambandi við ýmiss konar starfsemi. Þá er Heildverslunin Hekla h/f fékk vörumerkið HEKLA skrásett, höfðu þegar verið skrásett tvö vörumerki með heitinu Hekla. Vörumerki stefnanda HEKLA er ekki skráð yfir vikur eða skyldar vörutegundir, sbr. 19. vöruflokk reglugerðar nr. 1 frá 1969.

Fyrirtæki stefnanda og fyrirtæki stefnda vinna sitt á hvoru starfssviði. Starfsemi stefnda er auðkennd í firma hans.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki á það fallist að stefnandi hafi með skrásetningu firma síns Hekla h/f eða vörumerkisins HEKLA öðlast þann einkarétt til notkunar nafnsins Hekla, að stefnda sé óheimilt að nota orðið Hekla sem hluta af firma sínu.

Þer því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallsyni skrifstofustjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hekluvikur, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Heklu h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
